

## Kvenfrelsun og kynbundið ofbeldi – grein í Vísi 24.05-2017

Síðustu áratugina hefur margt verið skrifað og skrafað um ofbeldi karla gegn konum, „kynbundið“ ofbeldi eða „heimilisofbeldi“ eins og það heitir á dulmáli kvenfrelsunarsinna. „Ofbeldi ógnar bæði andlegri og líkamlegri heilsu kvenna um allan heim og er útbreiddasta mannréttindabrot okkar tíma. Ofbeldi karla gegn konum brýtur gegn grundvallarfrelsi mannkyns og er ein versta birtingarmynd kynjamisréttis. (Yfirlýsing íslenskra kvenfrelsunarsamtala) „[K]ynbundið ofbeldi [er] því miður skelfilega víðtækt. Rannsóknir frá ýmsum löndum sýna að allt milli 10 og 69% kvenna verða fyrir ofbeldi af hálfu maka á lífsleiðinni. (Birna Þórarinsdóttir, leiðtogi Unifem á Íslandi) "Það er alveg horft framhjá því að 95% þeirra sem beita heimilisofbeldi eru karlar og 95% sem verða fyrir því eru konur." (Drífa Snædal, (þáverandi) stýra Kvennaathvarfs)

„Þorsteinn Sæmundsson beindi þeim tilmælum til Drífu að tilgreina heimildir fyrir staðhæfingum sínum. Síðan segir hann m.a.: Ég hef fyrir framan mig grein úr breska blaðinu *Sunday Times*. Greinin er eftir blaðamanninn og rithöfundinn Patriciu Pearson. Þar stendur m.a.: "Á fundi sem Alþjóðlegt félag um rannsóknir á ofbeldi (International Society for Research on Aggression) hélt í síðastliðnum mánuði greindi John Archer frá Háskólanum í Mið-Lancashire frá því að rannsóknir á þúsundum karlanna og kvenna í Bretlandi, Bandaríkjunum og Kanada sýndu að í heimiliserjum væru konur jafn líklegar til að beita ofbeldi og karlmenn. Tölur Archers staðfesta niðurstöður bandarískra félagsfræðinga sem í 20 ár hafa sent frá sér skýrslur þess efnis að kannanir sem ná til þjóðfélagsins í heild, en takmarkast ekki við hópa kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi, leiði í ljós að konur slái, löðrungi, sparki, kýli, fleygi hlutum og beiti vopnum eins oft og karlmenn. Þótt kannanir sýni að konur verði venjulega fyrir meiri skaða í átökunum sleppa karlmennirnir ekki alltaf ómeiddir þegar á þá er ráðist. Rannsókn á bandarískum sjúkrahúsum, sem birt var í ágúst 1997 og náði til eins árs, leiddi í ljós 30.000 tilvik þar sem karlmenn höfðu orðið fyrir meiðslum vegna heimilisofbeldis.

Í grein sem blaðið birti síðar, eftir dálkahöfundinn Melanie Phillips, er reyndar gengið lengra og því haldið fram að nýjasta samantekt á nær 100 rannsóknum í Bretlandi og Bandaríkjunum bendi til þess að konur eigi oftast upptökin að ofbeldi á heimilum. Ofbeldi kvenna heima fyrir fari vaxandi með auknum völdum þeirra á heimilunum. Í greininni segir að margar rannsóknir á heimilisofbeldi séu hlutdrægar því að þær séu eingöngu byggðar á frásögnum kvenna sem leitað hafi til kvennaathvarfa. Þegar kannað hafi verið hverjir hefðu hlotið sýnilega áverka í heimilisátökum hafi þriðjungur þess hóps reynst vera karlmenn. Í þessu sama blaði (*Sunday Times*) hafa birst frásagnir af stæðilegum lögreglumönnum og jafnvel sérsveitarmönnum sem komið hafa til vinnu sinnar bláir og marðir eftir eiginkonurnar. Þessir menn neyttu ekki aflsmunar, lögðu ekki fram kærur, og tilvikin koma ekki fram í neinum skýrslum. "Væntanlega sækir Drífa visku sína í upptalningar úr ársskýrslum Kvennaathvarfs.

Viðhorf kvenfrelsunarsinna orðar Ingólfur V. Gíslason svo: „Konur [eru] barðar og kúgaðar af körlum og það [er] þáttur í tilraunum karla til að viðhalda völdum sínum og halda konum niðri.“ Sjálfur er Ingólfur höfundur vandræðalegrar skýrslu, sem unnin er fyrir Félags- og tryggingamálaráðuneytið 2008, og heitir: „Ofbeldi í nánnum samböndum: Orsakir, afleiðingar, úrræði.“ Hún er m.a. vandræðaleg fyrir þá sök, að eiginlegt verkefni hins ágæta höfundar er að skrifa um ofbeldi karla gegn ástkvinnum sínum, enda þótt honum sé fullkunnugt um, að konur beiti karla sína ekki síður ofbeldi. Heiti skýrslunnar mætti því að endurspeglar þá staðreynd. Hann segir t.d.: „Í þessu riti er fyrst og fremst fjallað um það ofbeldi sem konur verða fyrir í nánnum samböndum, ofbeldi sem þær verða fyrir af hendi núverandi eða fyrrverandi eiginmanna, sambýlismanna eða unnusta. Tilgangurinn er að auðvelda þeim

hópum og einstaklingum sem, starfs síns vegna, má reikna með að komist í tengsl við þolendur slíks ofbeldis að koma auga á einkenni ofbeldis, benda á hvað sé til ráða og hvernig konur verði best aðstoðaðar.“ Þetta er nánar útskýrt: „Afleiðingar ógnarstjórnar feðraveldis er það sem kvennaathvörf um heiminn sjá fyrst og fremst og það er það ofbeldi sem fyrst og fremst er fjallað um í þessari bók.“ (Feðraveldi er ekki útskýrt, en hugtakið í þessu sambandi (eins og mæðraveldi) á líklega rætur að rekja til mannfræðinnar og felur í sér grófa flokkun samfélaga einkum samkvæmt reglum um arf, þ.e. arfgengi frá föður til sonar. Það hefur í sjálfu sér ekkert með íslenskt nútímasamfélag að ræða.)

En svo virðist sem ofanefnd ógnarstjórn sé dregin í efa: „Niðurstöður athugana þar sem Conflict Tactic Scale er notaður og niðurstöður nokkurra annarra stærri kannana hafa gefið til kynna að tíðni ofbeldis karla og kvenna í nánnum samböndum sé svipuð.“ Aukin heldur: „Sænsk athugun .... sýnir ... að álíka margar konur og karlar meðal sænskra háskólanema segjast hafa beitt maka eða kærasta einhverju ofbeldi og skipti þá ekki máli varðandi hlutfallið hvort um var að ræða vægt ofbeldi eða alvarlegt.“ Og si svona til að taka af allan vafa segir Ingólfur: „Karlar sem þolendur. Svarið við þeirri spurningu hvort einvörðungu konur búi við það ástand að einhver þeim nákominn beiti þær ofbeldi er einfaldlega nei. Ofbeldi í nánnum samböndum er flóknara en svo að það verði smættað niður í ofbeldi karla gegn konum, eiginmanna gegn eiginkonum. Karlar verða fyrir því að konur beiti þá ofbeldi, ofbeldi milli para getur verið gagnkvæmt, ...“

Vitneskja þessa efnis hefur legið fyrir um áratuga skeið á Vesturlöndum. Meira að segja hefur komið fram í íslenskum rannsóknum: „[Að] konur sem segjast hafa beitt maka sinn eða fyrrverandi maka ofbeldi [eru] næstum því helmingi fleiri en karlar og munurinn er margfaldur þegar kemur að grófa ofbeldinu. ... Helmingi fleiri konur segjast hafa beitt maka eða fyrrverandi maka ofbeldi en fjöldi karla sem segjast hafa orðið fyrir slíkri reynslu“ (Ingólfur V. Gíslason); Jafnframt, að konur höfðu beitt maka sína (núverandi/fyrrverandi) ótilgreindu ofbeldi 7.9% tilvika, en karlar 4.1% tilvika, þegar um gróft ofbeldi var að ræða voru hlutföllin; konur 4.1%, karlar 0.7%. Á aldursbilinu 18 til 24 ára töldu 42.3% karla sig hafa orðið fyrir grófu ofbeldi, en 15.9% kvenna. (Skýrsla um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum, Dóms- og kirkjumálaráðuneytið 1977.)

Það er íslenskum stjórnvöldum mikið hjartans mál, að rannsaka ofbeldi karla gegn konum og fá þá til að bæta ráð sitt. Þau hafa því látið vinna þriðju skýrsluna. Sú er unnin af karlanefnd hinni nýju (sú fyrri lagði upp laupana árið 2000) fyrir Velferðarráðuneytið. Skýrslan ber nafnið: „Karlar og jafnrétti: Skýrsla og tillögur um aukinn hlut karla í jafnréttismálum,“ útgefin í apríl 2013. Þar gætir svipaðs vandræðagangs og áður var tæpt á, hvað „kynbundið“ ofbeldi snertir. Margt er þó fróðlegt og skynsamlegt að lesa í skýrslunni, m.a. að reyna beri að forðast fordóma gegn körlum í jafnréttisumræðunni. „Hagsmunir karla og kvenna eru samtvinnaðir og afnám misréttis kemur öllum til góða. Varhugavert er að umræða um stöðu karla í jafnréttismálum fjalli þannig um karla að þeir séu álitnir „vera vandamálið“ og að um leið veiti þátttaka þeim lykilhlutverk í því að vera „lausn á vandamáli“. Ljóst er að vandasamt getur verið að finna farveg fyrir karla í umræðu um jafnréttismál sem tekur tillit til fjölda ólíkra sjónarmiða.“

Ofangreind skynsemi verður þó ekki leiðarljós nefndarmönnum, því að hún telur að „þátttaka karla [sé] sérlega mikilvæg í umræðu um það sem kallað er „skaðleg karlmennska“, tegundir karlmennsku sem hindra jafnrétti og félagslegt réttlæti.“ Nánari útlistun á „skaðlegri karlmennsku“ býðst ekki. (Ei heldur bollaleggingar um skaðlega „kvenmennsku.“) Hinn huldi

tilgangur skýrslunnar virðist vera að finna fræðilegar röksemdir fyrir stefnu stjórnvalda í jafnréttismálum: „Markmið áætlunar ríkisstjórnarinnar um aðgerðir gegn ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum miða að því að fyrirbyggja ofbeldi gegn konum, styrkja úrræði fyrir konur sem beittar eru ofbeldi og vinna að verndun barna sem verða vitni að ofbeldi. Þá er þess sérstaklega getið í markmiðum að unnið skuli að úrræðum fyrir karla sem vilja hætta að beita ofbeldi.“ Hér eru karlar aftur dregnir í sökudólgadilkinn og börn spyrnt við konur. Engu að síður er eins og skýrsluhöfundar hafi rætt um það, sem þeir ættu reyndar að vita, þ.e. að konur í nánnum samböndum séu engar eftirbátar karla, hvað ofbeldi viðkemur: „Segja má að umræða um kynbundið ofbeldi snúi jafnan að ofbeldi karla gegn konum. Í íslenskum rannsóknum á kynbundnu ofbeldi eru ekki að finna haldgóðar upplýsingar um ofbeldi kvenna gegn körlum. Því verður ekki fjallað um þá tegund ofbeldis hér.“

Nú má lengi deila um, hvað séu haldgóðar upplýsingar. Þær er helst að finna í vönduðum, umfangsmiklum, vísindalegum rannsóknum á Íslandi og á Vesturlöndum – og margendurteknum með ýmis konar tilbrigðum við aðferð. Þær eru vissulega til. Því sæta þessi vinnubrögð undrum. Karlanefndin bregður aukin heldur undir sig kvenfrelsunarfætinum og segir: „Ýmislegt hefur staðið í vegi fyrir þróun í átt til jafnréttis. Benda má á að völd karla og fjölbreytt tækifæri þeirra til þess að móta samfélagið út frá hagsmunum sínum ráði miklu um hvernig miðar.“ Lesandi er kvaddur með spurn á vör. „Hver eru umrædd völd og fjölbreyttu tækifæri?“ „Eru þau önnur og rýrari en völd kvenna?“ Skýrsluhöfundar gera sér hugsanlega ekki grein fyrir þeirri staðreynd, að konur stjórna íslensku samfélagi að töluverðu leyti, enda þótt ekki hafi alls staðar tekist að særa nægjanlega margar þeirra til þátttöku í stjórnun fyrirtækja í einkageiranum. Engu að síður stjórna þær að miklu leyti uppeldi og menntun íslenskrar æsku, barnavernd og félags- og heilbrigðisþjónustu. Þær hafa setið mannsterkar í síðustu ríkisstjórnun og haft yfirstjórn fjölda ráðuneyta með höndum. Og svo hafa þær oft og tíðum tögl og haldir á heimilunum. „[Þ]að sem vekur athygli [í rannsóknum á ofbeldi kvenna] er í fyrsta lagi hversu margir karlar sæta einhverju ofbeldi frá maka (þótt ljóslega sé það oft „vægt“) og í öðru lagi hversu andlegt ofbeldi og stjórnun kvenkyns maka virðist vera. Þýsk athugun benti t.d. til þess að fimmtungur karla byggi við verulega afbrýðisemi maka og að maki hindraði tengsl karlsins við annað fólk. Sjötti hver karl sagði að maki stýrði því nákvæmlega hvert hann færi, með hverjum og hvenær hann kæmi heim.“ (Ingólfur V. Gíslason)

Drífu Snædal rekast rétt orð á munn, þegar hún lætur hafa eftir sér: "Að vera laus við ofbeldi hljóta að vera mannréttindi..." Kvenréttindakempan, hin mikilhæfa Laufey Valdimarsdóttir, tók eitt sinn í svipaðan streng. Hún sagði kvenréttindi snúast um mannréttindi. Vitaskuld er það satt og rétt. Bæði kynin (eða öll þrjú) hljóta að bera sameiginlega ábyrgð á því að draga úr ofbeldi á öllum sviðum, þar eð ofbeldi er andstyggilegt. Í því ljósi skýtur það óneitanlega skökku við, að bábiljan um sérstaka ábyrgð karla á slíkri óyndishegðun sé orðin að stjórnmalastefnu á Íslandi - og þar að auki stofnanavædd. Það hlýtur að vera komið að því að sameina kynin í stað þess að sundra þeim og draga í dilka. Slík kynjaaðskilnaðarstefna kann ekki góðri lukku að stýra.

Höfundur er ellilífeyrisþegi

